



E 5/2017

Fyrirspyrjandi Sonja Mandt (A)
Til Ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar

Til Ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar

Skrifleg fyrirspurn um löggjöf um verndun menningarminja

Í norskum lögum um menningarminjar eru ákvæði sem takmarka aðgerðir einstaklinga (t.d. uppgröft og leit að hlutum) á svæðum þegar miklar líkur eru á því að sjálfkrafa friðaðar menningarminjar sé þar að finna, það er menningarminjar frá fornöld og miðöldum fram til ársins 1537. Friðunin á við um sýnilegar menningarminjar en einnig minjar undir yfirborði jarðar og menningarminjar sem enn er ekki búið að finna eða skrá.

Sjálfkrafa friðun menningarminja gerir óheimilt að spilla, færa úr stað eða hylja umræddar menningarminjar. Brot á ákvæðum laga um menningarminjar geta sætt viðurlögum.

Málmleitartæki eru mikilvæg verkfæri í ýmsu fornleifastarfi. Æ fleiri stunda málmleit í tómstundum sínum. Oft er verið að leita að málmþeningum, persónulegum hlutum og öðrum smáhlutum.

Málmleitartæki geta komist í snertingu við lausa hluti og fastar menningarminjar sem eru friðlýstar. Í Noregi er skylt að afhenda hluti sem eru eldri en frá árinu 1537 og peninga sem eru eldri en frá árinu 1650. Á það sama við um samíska hluti og skipsflök eldri en 100 ára. Hlutum sem skylt er að afhenda ber að skila til menningarminjalyfirvalda.

Ég vil því beina eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar.

Hvaða lög gilda í viðkomandi landi um notkun málmleitartækja í tómstundum og hvernig er staðið að verndun menningarminja sem koma í leitirnar?

Ósló, 15. febrúar 2017

Sonja Mandt (A)